

Himinrhenda.

Leiðréttning og viðbót.

Nú horfir enn óvænlega í sögu mannkynsins; aldrei hefir verið slik manndrápa- og skemdarverka-öld einsog nú. Og þegar menn-irnir snúast á móti guði, einsog má segja að þeir geri sérstaklega á manndrápa- og öðrum illverka-tínum, þá fá þeir altaf andskot-ann i lið með sér; eru þetta slysa-tímar miklir, einnig utan við ófrið-inn, og vera má að mennirnir fari heldur ekki varhluta nú af drepsóttunum, sem striðunum fylgdu áður; nýjar drepsóttir (eða drepsóttargerill) hefir þegar gert vart við sig, Ef til vill verður 20. öldin nokkurskonar endurtekn-ing á 14. öldinni. Og ef til vill fær sú öld líka sína trú-arkviðu, eins og afturkippsaldirnar hinar. Og mér þykir ekki óliklegt að hún mundi þá heita Helviti komið.

En hver veit þó nema að úr rætist; þeir sem hjálpa vilja eru máttugir, þó að þeir fái ekki að-gert, meðan mennirnir, með hatus- og grimdarverkum gera bandalag við andskotann, eða angurmagna, svo eg taki til orða eftir hinni merkilegu trú Forn-Persa.

Helgi Pjeturss

Í greininni Himinrhenda síðast liðinn sunnudag hafði ýmisleg misprentast, og má því ekki vera ómótmælt, að menn lesi »nýjan drepsóttir« þar sem eg hafði skrifð: nýr drepsýkill. En sýki eða sýkistefi nefni eg það, sem menn hafa kallað sóttkveikju (papögren bakteria). Í Lögréttu 15. nóv. er mynd af ungverskum lækni dr. Czernel, og sagt að hann hafi fundið »geril, sem valdur er að vissri tegund tauga-veiki«. Það er sá sýkill sem eg á við. Er þess getið, að sýkill þessi sé einn hinn næmasti sem sögur fara af. En eg hygg að eiturvera þessi, þessi nýja viðbót við flóra infernalis, hafi ein-mitt til orðið á þessum tímum. Slikar verur vinna mjög á móti því sem eg kalla samstilling lífs-kraftanna, og mundu eftir trú Persa, vera talðar heyra undir ríki myrkrahöfðingjans, Ahri-mans, sem eg í grein minni nefndi Angurmagna. Var trú Persa ein-hver hin bezta að því leyti sem þeir hugðu, að allar umbætur á

mannlífi miðuðu til þess að efla ríkjóshöfðingjans, Ahura mazda. En það nafn hygg eg þýði hinn bjartasti; er það mjög eftirtektarvert hve mörg goðanöfn býða hinn skínandi eins og sjálft orðið guð. Mun það sýna sig, að því verður ekki móti mælt, að orðið guð þýðir einmitt það, eins og mjög er skiljanlegt, þar sem auknining lífsaflsins leiðir til þess að hinum lifandi verur fara að skina. Hér á jörðu þar sem hið æðra líf hefir átt svo örðugt uppráttar, eru það einkum skorkvikindi og smokkfiskar sem geta borið mjög fagra birtu. En þar sem hið æðra líf hefir haft meiri viðgang, eru það verur í mannsmynd sem skina fegurst, guðir, vættir og ljósálfar, sem einmitt nefnast svo vegna þess að það lýsir af þeim. Og komið hefir það fyrir að menskir menn hafa farið að skina hafi þeir komið í samband (fyrir ileiðing nokkurskonar, indúktión) við þesskonar ljósverur. Ljósverur slikar eru það sem Plató kallaði ideur, fyrirmyn dir; en vér á jörðu hér efü um einungis fyrirmyn dir eða eftirlíkingar, mímemata, eins og lesa má hjá Þrótin, sem var hinnum mest spekingur. Er það mjög

eftirtektarvert, að orðið líkami, líkur hamur, þýðir nokkurnveginn sama sem mímema. En ekki munuð þið í öðrum stöðum finna það sem hér er sagt um ideurnar; mun þó sannast að það sem hér er sagt, er réttara en það sem áður hefir ritað verið um það efni. Undir því er alt komið, að fyrirmyn dirnar, ideurnar, nái að hafa sem mest skrif á hinum ófullkomnu fyrirmyn dir, mímemata, og að eftirmyn dirnar geti orðið hinum guðlegu fyrirmyn dum sem likastar.

Þessi samstilling hinna fullkomnari og hinna ófullkomnari lifmynda var tilgangurinn með blótum fornmanna, og var það auðvitað mikill miskilningur, að hinum æðri verum væri nokkur þægð i blótförnumu. En hitt greiddi mjög fyrir samstillingunni, að menn væru saman glaðir og í góðum hug hver til annars, eins og verið gat í blótveizlunum. En persneskir spekiungar höfðu bezt tekið það fram, að til þess að færast nær guðlegri fullkomun, þyrfti að bæta þessa jörð og betta líf. Einnig með vegagerð og jarðabótum var oftir þeirra trú, unnið að því að eflu guðs ríki.

Helgi Pjeturss